

Ársskýrsla Kvennasögusafns Íslands 2011



Konur sýndu í fyrsta sinn leikfími 17. júní 1911 en þann dag var Háskóli Íslands stofnaður og íslenskar konur fengu rétt til skólagöngu og embættu til jafns við karlmenn. Nöfn kvennanna eru varðveitt á Kvennasögusafni Íslands.

Reykjavík, mars 2012

Ársskýrsla Kvennasögusafns Íslands 2011

Umsjón:
Auður Styrkársdóttir

Yfirlestur:
Edda G. Björgvinsdóttir
Erla Hulda Halldórsdóttir
Helga Guðmundsdóttir



Kvennasögusafn Íslands
Arngrímögötu 3, 107 Reykjavík
Sími: 525 5779
Netfang: kona@landsbokasafn.is
Veffang: <http://www.kvennasogusafn.is>

Úr ársreikningi 2011:

Tekjur

Fjárlög	3.448.057
Framlag menntamálaráðuneytis	1.500.000
Vaxtatekjur	<u>74.362</u>
Samtals:	5.022.369

Gjöld:

Laun og launatengd gjöld	4.760.507
Laun stjórnarnefndar	293.580
Annar rekstrarkostnaður	<u>45.264</u>
Samtals:	5.099.351

Stjórnarnefnd Kvennasögusafns Íslands

Stjórnarnefnd Kvennasögusafns er m.a. ætlað að vera til ráðuneytis um ráðningu starfsmanns Kvennasögusafns; að semja árlega skýrslu um starfsemina; að gera árlega fjárhagsáætlun vegna fjárlagagerðar, og að aðstoða að öðru leyti við fjáröflun til verkefna. Árið 2011 skipuðu nefndina:

Edda G. Björgvinsdóttir, fulltrúi Landsbókasafns Íslands—Háskólabókasafns
Erla Hulda Halldórsdóttir, fulltrúi Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum
Helga Guðmundsdóttir (formaður), fulltrúi Kvenfélagasambands Íslands

Starfsmenn

Auður Styrkárdsdóttir stjórn málafræðingur tók við starfi forstöðukonu um mitt ár 2001. Forstöðukona er eini fasti starfsmaður safnsins. Hún hefur verið í 80% starfi frá ársbyrjun 2010.

Starfsemi safnsins

Unnið er samkvæmt markmiðum Kvennasögusafns Íslands: að safna, skrá og varðveita heimildir um sögu kvenna. Safninu er einnig ætlað að miðla þekkingu um sögu kvenna, aðstoða þá sem leita heimilda á því sviði, hvetja til rannsókna á sviði kvennasögu og kvennafræða og gangast sjálft fyrir rannsóknum. Safnið setur sér það markmið að vera fyrsti viðkomustaður þeirra er leita sér upplýsinga um einstaka konur eða atburði í sögu íslenskra kvenna.

Til safnsins leita einkum nemar og fræðimenn í heimildaleit og annað áhugafólk um kvennasögu. Talsvert berst af fyrirspurnum símleiðis og með tölvupósti. Safnið er skráð í gagnagrunna um stofnanir á sviði kvennasögu og kynjarannsókna og berst því nokkuð af fyrirspurnum erlendis frá.

Dagleg starfsemi felst í:

- Viðveru á afgreiðslutíma safnsins.
- Viðtöku, grísjun, skráningu og frágangi þeirra gagna sem í safnið berast.
- Aðstoð við notendur safnsins. Er þá átt við aðstoð við heimildaöflun vegna verkefna á sviði kvennasögu og kynjafræða, einnig ráðgjöf um verkefni á þessu sviði.
- Upplýsingum og ráðgjöf um tölvupóst, bæði til innlendra aðila og erlendra.

- Upplýsingum og ráðgjöf í síma, bæði til notenda safnsins og einstaklinga og félagasamtaka sem hafa hug á að afhenda safninu gögn.
- Sjálfstæðum rannsóknum forstöðukonu sem nýtast Kvennasögusafni.

Þá eru ýmis önnur verkefni í höndum forstöðukonu: erlent samstarf, ráðstefnur og fundir, útgáfumál, sýningar, greinaskrif, fyrirlestrar og fjáröflun.

Safnið var opið mánudaga-fimmtudaga milli kl. 10-15 en forstöðukona hafði lengri viðveru. Safnið var lokað á föstudögum og vegna orlofs forstöðukonu.

Á árinu 2011 rituðu 86 einstaklingar nafn sitt í gestabók. Beiðnir símleiðis voru skráðar 112 og með tölvupósti 137. Erindin voru mörg og misjöfn og mislangan tíma tók að greiða úr þeim.

Heimsóknum á vef Kvennasögusafns fjölgar mjög milli ára og er það sennilega helst að þakka að þar hafa verið settar fram upplýsingar úr kvennasögu sem mikið hefur verið spurt um, svo sem um kosningaréttinn, Bríeti Bjarnhéðinsdóttur og uppruna 8. mars og 19. júní. Nú heyrir til undantekninga að spurt sé um þessa hluti símleiðis eða í tölvu og sýnir það að Netið er orðin helsta upplýsingaveita nútímans.

Meðal heimsækjenda á safnið voru nokkrir erlendir:

14-18. mars: Allison Panther frá Iowa, kynnti sér sögu og gögn Kvinnalistans

6. júní: Martha Franken og Claire Zwocene frá Belgíu, kynntu sér safnið og sögu þess

6. september: Alþjóða jafnréttisskólinn, sjö manns

28. september: Rosy Weiss frá International Alliance of Women, ásamt dóttur sinni Marion Weiss, skoðaði eldri gögn tengd þeim samtökum. Rosy er fyrrum formaður samtakanna. Hún hyggst skrifa grein um þessa heimsókn í blað samtakanna á árinu 2012.

Endurmenntun, ráðstefnur, fundir

Forstöðukona sótti nokkra fundi og aðra viðburði á vegum kvennasamtaka og Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum.

Þann 6. maí var haldinn vofundur NING – en það er norrænn vettvangur kvennasögusafna og – upplýsingaveita Norðurlandanna. Hann var að þessu sinni haldinn í Þjóðarbókhöllu og átti forstöðukona Kvennasögusafns veg og vanda að undirbúningi hans. Erlendir gestir voru 9. Auk reglulegra erinda slíkra funda kynnti dr. Þorgerður Einarsdóttir rannsókn sína á kynjaímyndum þeim sem birtust í aðdraganda bankahrunsins, en rannsóknina vann hún að beiðni Alþingis. Þá kynnti Ingibjörg Sverrisdóttir, landsbókavörður, aðgerðir sem

Landbókasafn hefur gripið til á þessum tímum niðurskurðar og sparnaðar. Öllum sem aðstoðuðu við fundinn eru hér með færðar alúðarþakkir.

Viðburðir

Öndvegismálstofa

Rikk, Kvennasögusafn Íslands og Jafnréttisstofa gengust fyrir málstofu þann 4. nóvember undir heitinu „Hverju hefur menntun kvenna skilað?“ Málstofan var liður í alþjóðlegri ráðstefnu Rikk og haldin til minningar um framlag kvenna til stofnunar Háskóla Íslands og í tilefni af aldarafmæli laga um rétt kvenna til embættisnáms. Málstofan var haldin í hátíðarsal Háskóla Íslands og var fjölsótt. Málstofustjóri var dr. Erla Hulda Halldórsdóttir. Erindi héldu: Auður Styrkársoðttir, forstöðukona Kvennasögusafns Íslands, Guðmundur Hálfðanarson, prófessor við HÍ, Kristín Aðalsteinsdóttir, prófessor við HA og Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisstofu.

5. desember fyrirlestur

Margrét Gunnarsdóttir, sagnfræðingur og doktorsnemi, hélt fyrirlestur þann 5. Desember undir heitinu „Ingibjörg Einarsdóttir: Mædd festarmær eða skörugleg borgarafrú?“ Sama dag kom út bók hennar *Ingibjörg*, sem fjallar um eiginkonu Jóns Sigurðssonar forseta. Í Þjóðarbókhöðu stóð þá yfir sýning á völdum handritum og skjölum Jóns og Ingibjargar. Fyrirlesturinn var fjölsóttur og þótti mjög áhugaverður.

Kvöldvaka

Kvöldvöku hélt Kvennasögusafn að þessu sinni með Kvenréttindafélagi Íslands í sal Hallveigarstaða við Túngötu þann 12. desember. Vakan tókst vel að venju. Forstöðukona Kvennasögusafns las upp ræðuna er Anna Sigurðardóttir flutti á stofnfundi Rauðsokka í Norræna húsinu haustið 1970, en á eftir las rauðsokkan Helga Ólafsdóttir upp úr nýútkomnu riti: „Á rauðum sokkum“ fyrir fundargesti. Ræða Önnu er varðveitt á Kvennasögusafni.

Útgáfu- og kynningarmál, fræðiskrif og rannsóknir

Erindi og fræðistörf forstöðukonu 2011:

“Praktískasta lagabótin?” Erindi flutt í öndvegismálstofunni: Hverju hefur menntun kvenna skilað? (sjá hér að ofan).

Forstöðukona hélt erindi um íslenskar konur og tímaritaútgáfu þeirra á fundi eldri Vinstri-grænna 6. apríl.

Annað:

Forstöðukona tók þátt í málþingi um Rauðsokkur og framlag þeirra til íslenskrar kvinnabaráttu sem haldið var 4. nóvember í HÍ til tilefni af útgáfu Háskólaútgáfunnar á bókinni *Á rauðum sokkum*.

Erlent samstarf

Kvennasögusafn Íslands var í nánum tengslum við NIKK, Nordisk institutt i kvinne- og kjønnsforskning, í Osló. Safnið var skráð í gagnagrunna á vegum NIKK og var jafnan getið í tímaritum NIKK (*NIKK Magasin*, *Nytt fra NIKK* og *News from NIKK*). NIKK hefur kallað saman fulltrúa kvennasögusafna og upplýsingastöðva á Norðurlöndum til funda. Að þessu sinni var vorfundurinn haldinn í Reykjavík þann 6. maí, svo sem fram kom hér að ofan. Var það í fyrsta sinn sem fundur var haldinn á Íslandi. Nú þegar NIKK hefur verið leyst upp af hálfu norrænu ráðherranefndarinnar er óljóst hvernig hinni norrænu samvinnu verður háttað framvegis.

Safnið er skráð í gagnagrunninn *Mapping the World of Women's Information Services Database* sem rekinn er á vegum IIAV (International Information Centre and Archives for the Women's Movement, stofnað 1935, í Amsterdam. Safnið á einnig aðild að WINE (Women's Information Network Europe) sem stofnað var 1996 og hýsir kvennasögusöfn og sambærilegar stofnanir í Evrópu. Markmið WINE er að ýta undir samvinnu kvennasögusafna og standa fyrir sameiginlegum verkefnum.

Starfið framundan

Árið 2015 verða liðin 100 ár frá því lög voru sett er heimiluðu konum að kjósa í þingkosningum. Reyndar urðu þær að vera orðnar 40 ára (sem er einsdæmi í veröldinni), og almennt fengu íslenskar konur ekki kosningarétt fyrr en árið 1920. Sú hefð hefur hins vegar myndast gegnum tíðina að halda upp á árið 1915 frekar en 1920, enda munu ríflega 60% kvenna hafa fengið kosningaréttinn 1915. Kvennasamtök undirbúa nú viðburði af þessu tilefni árið 2015 og á Kvennasögusafn Íslands aðild að þeirri samvinnu.

Aðföng 2011

Handrit:

- 18 janúar Bryndís Bjarnadóttir, verkefnisstýra Skottanna (samtaka kvennasamtaka sem stofnuð voru árið 2010) afhenti safninu fundagerðir stjórna samtakanna og fundagerðir framkvæmdastjórnar, einnig plaköt vegna Kvennafrídagsins 24 október 2010 og ýmislegt annað efni tengt verkefnum samtakanna á árinu 2010.
8. febrúar Um hendur Emilíu Sigmarsdóttur bárust gögn er tilheyrja Soroptimistaklúbbi Reykjavíkur. Fyrir í safninu er talsvert af gögnum klúbbsins, sjá aðfangaskrá 22. desember 2009.
3. mars Sigurlaug og Halldóra Gunnlaugsdætur færðu safninu bréfasafn og fleiri skjöl úr fórum foreldra þeirra, Gunnlaugs Finnssonar (1928-2010) og Sigríðar Bjarnadóttur (1926-2005) að Hvilft í Öfundarfirði. Safnið er umfangsmikið og verður að mestu lokað um tiltekinn tíma að ósk gefenda.
3. mars Gerður G. Óskarsdóttir færði safninu nokkuð efni (lítið) viðvíkjandi Rauðsokkahreyfingunni.
30. júní Álfheiður Ingadóttir afhenti safninu til varðveislu gögn „Baráttusamtaka fyrir sjálfsákvörðunarrétti til löglegrar fóstureyðingar“, sem stofnuð voru 24. 3. 1975. Meðal gagnanna er fundagerðabók.
7. nóvember Rannveig Hallvarðsdóttir færði safninu kassa með bréfum og skjölum úr fórum móðurömmu hennar, Herdísar Ásgeirsdóttur (1895-1982); innihaldið lýtur að mestu að stofnun Orlofssjóðs húsmæðra.

Annað:

- 8 og 16. mars Þórdís Elva Þorvaldsdóttir, Lísbet Harðardóttir Ólafardóttir og Bára Jóhannes-Guðrúnardóttir afhentu safninu til varðveislu tvö af þeim fjórum málverkum sem máluð voru í verkefninu „Litróf íslenskra kvenna“ er hófst 18. ágúst 2010 og lauk með afhendingu til Kvennasögusafns.
17. mars Kolbrún Halldórsdóttir færði safninu tvö eintök af ritinu *Nei til kjöp av sex og kropp* en hún skrifaði þar kaflann „Kampen for kriminalisering av sexkøp – en kampsaga fra Island“. Annað eintakið fer til Landsbókasafns en hitt verður á Kvennasögusafni.

4. maí Um hendur Jósefínu Ólafsdóttur barst plastpoki merktur Kvindeligt Arbejderforbund i Danmark (góður sýningargripur), einnig tímaritið *Dropar* er út kom 1927 og 1929 (aðeins tvö bindi) og birti ljóð og sögur eftir íslenskar konur.
4. júlí Samhistoriska institutet við Södertorns Högskola í Svíþjóð sendi safninu ritið *Bortom rösträtten. Kön, politik och medborgarskap i Norden* í ritstjórn Lenita Freidenvall og Josefin Rönnbäck.
26. júlí Guðrún Ingólfsdóttir færði safninu ljósritað handrit: *Ævi óbreyttrar alþýðustúlku á fyrrihluta tuttugustu aldar*. Söguna rekur Málfríður Hulda Gunnarsdóttir (f. 1917), móðir Guðrúnar.
12. október Guðrún Lára Ásgeirsdóttir færði safninu eintak af bókinni *Öll þau klukknaöll. Síðara bindi. Frásagnir 24 prestkvenna*.
10. nóvember Þórhildur Ísberg færði safninu vesti sem móðir hennar, Marjatta Ísberg, hafði fengið á Nordisk Forum í Turku árið 1994. Sýningargripur.